

## EINSTAKLINGSBUNDIN TILFÆRSLUÁÆTLUN

Í 17. grein Reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010 segir: „Þegar nemandi nýtur sérúrræða, skv. ákvæðum þessa kafla, skulu kennarar, og aðrir fagaðilar ásamt nemandanum og foreldrum hans, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar sem byggir á einstaklingsáætlun og öðrum gögnum og skal miða við að undirbúningur hennar hefjist í 9. bekk. Í áætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og stöðu og áform hans um frekara nám. Ennfremur aðrar upplýsingar vegna fyrirhugaðs náms hans við hæfi í framhaldsskóla og síðar fyrir þátttöku í atvinnulífi.“

Tilgangurinn með tilfærsluáætlun er að miðla upplýsingum um skólagöngu nemenda, núverandi aðstæður ásamt stöðu og áformum þeirra um frekara nám, á milli skólastiga.

Tilfærsluáætlunir nemenda með sérþarfir eru á ábyrgð deildarstjóra unglingsstigs, deildarstjóra sérkennslu, sérkennara, umsjónarkennara, og náms- og starfsráðgjafa, eftir eðli máls.

Tilfærsluáætlun nemenda í námsveri er ákveðin af teymi sem sér um málefni nemenda og deildarstjóri sérkennslu er ábyrgur fyrir að áætluninni sé fylgt eftir.

Við lok 10. bekkjar skal nemandi með miklar sérþarfir standa til boða að fara í kynnisferð í framhaldsskóla ásamt sérfræðingi skólans og foreldrum/forráðamönnum.

Þar mun nemandinn fá fræðslu um uppbyggingu starfsdeildarinnar, námið og fleira.